

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 31,8 ma.kr. en var neikvætt um 64,1 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 41,1 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 2,7 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 60,2 ma.kr. Hluti af því fráviki skýrist með því að raundreifing útgjalda hefur verið önnur en gert var ráð fyrir. Inni í heimildum er jafnframt búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	264.163	226.744	260.959	242.467	283.612
Greidd gjöld	237.062	308.636	318.084	307.356	310.054
Tekjujöfnuður	27.101	-81.892	-57.124	-64.889	-26.442
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	-254	-9.342	-18.515	824	-5.397
Handbært fé frá rekstri	26.847	-91.234	-75.639	-64.065	-31.839
Fjármunahreyfingar	8.603	9.986	-32.036	55.169	-29.154
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	35.450	-81.248	-107.675	-8.896	-60.993
Afborganir lána	-37.941	-72.736	-136.252	-126.946	-165.921
Innanlands	-22.656	-72.736	-72.776	-56.095	-10.800
Erlendis	-15.285	0	-63.476	-70.851	-155.121
Greiðslur til LSR og LH	-2.310	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-4.801	-153.984	-243.927	-135.842	-226.914
Lántökur	103.376	144.011	254.903	207.619	185.810
Innanlands	77.775	136.585	121.945	78.487	69.139
Erlendis	25.601	7.425	132.958	129.132	116.671
Breyting á handbæru fé	98.575	9.973	10.976	71.777	-41.104

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 283,6 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 17,0% aukning frá sama tímabili í fyrra og 25,9 ma.kr. eða 10,1% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þetta mikla frávik má þó að hluta rekja til þess að arðgreiðslur innheimtust fyrr en reiknað hafði verið með við gerð tekjuáætlunar ásamt því sem nokkuð hefur innheimst af óreglulegum tekjum. Ef leiðrétt er fyrir þessum arðgreiðslum auk óreglulegra tekna námu tekjur ríkissjóðs á tímabilinu 273,5 ma.kr. sem er 15,8 ma.kr. eða 6,1% yfir áætlun. Nánar verður vikið að einstökum liðum óreglulegra tekna hér fyrir neðan eftir því sem tilefni er til.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 15,5% á milli ára og námu 259,0 ma.kr. sem er 20,1 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 63,1 ma.kr. sem er 19,4% aukning á milli ára og 16,8% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti



og útsvari jukust um tæplega 12% á milli ára og því ljóst að skattstofn tekjuskatts hefur styrkst umtalsvert á undanförunum mánuðum, sem að hluta má rekja til kjarasamninga sem tóku gildi á síðastliðnu ári. Hluta fráviksins má einnig rekja til meiri úttekta séreignarsparnaðar en gert var ráð fyrir en þær hafa skilað 1,3 ma.kr. tekjuskatti umfram áætlanir. Fjármagnstekjuskattur dróst saman um rúm 24% á milli ára og nam 16,1 ma.kr. sem er 1,7 ma.kr. undir áætlun. Að stórum hluta er þetta staðgreiðsla af vaxtatekjum 4. ársfjórðungs 2011 sem er drjúgur hluti ársinnheimtunnar. Rétt er að hafa í huga að þetta neikvæða frávik er ekki endilega vísbending um þróunina á árinu í heild þar sem innheimta fjármagnstekjuskatts er nokkuð sveiflukennd eftir mánuðum. Auk þess er viðbúið að minni innheimta á fyrri hluta ársins hafi í för með sér minni endurgreiðslur til lögaðila síðar á árinu. Þá má rekja hluta fráviksins frá áramótum til óvenjumikillar endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts til lögaðila á tímabilinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	224.199	224.296	258.988	13,7	0,0	15,5
Skattar á tekjur og hagnað	78.722	82.487	97.268	-6,7	4,8	17,9
Tekjuskattur einstaklinga	51.320	52.851	63.117	10,5	3,0	19,4
Tekjuskattur lögaðila	7.095	8.331	18.034	-22,5	17,4	116,5
Skattur á fjármagnstekjur	20.307	21.306	16.117	-29,3	4,9	-24,4
Eignarskattar	2.458	2.560	6.395	-14,5	4,2	149,8
Skattar á vöru og þjónustu	102.741	96.268	110.162	22,7	-6,3	14,4
Virðisaukaskattur	69.651	61.910	71.377	23,5	-11,1	15,3
Vörugjöld af ökutækjum	944	1.541	2.534	-20,8	63,1	64,5
Vörugjöld af bensíni	6.578	6.548	6.808	12,6	-0,5	4,0
Skattar á olíu	3.343	3.367	3.596	8,5	0,7	6,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.369	8.765	9.259	9,4	4,7	5,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	13.856	14.138	16.588	45,1	2,0	17,3
Tollar og aðflutningsgjöld	3.740	3.695	4.156	34,7	-1,2	12,5
Aðrir skattar	2.079	2.128	3.559	21,7	2,4	67,3
Tryggingagjöld	34.459	37.158	37.448	58,9	7,8	0,8
Fjárframlög	320	496	551	-8,4	54,8	11,1
Aðrar tekjur	18.092	17.420	22.815	-38,0	-3,7	31,0
Sala eigna	19.493	239	1.259	-	-	-
Tekjur alls	262.104	242.450	283.612	15,4	-7,5	17,0

Innheimtar tekjur af tekjuskatti lögaðila námu 18,0 ma.kr. sem er 9,4 ma.kr. yfir áætlun. Þetta mikla frávik á sér að hluta skýringu í því að uppgjör fyrri ára höfðu í för með sér 3,8 ma.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en þau geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Ef litið er framhjá áhrifum þeirra námu tekjur af tekjuskatti lögaðila 14,4 ma.kr. Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 0,8% á milli ára og námu 37,4 ma.kr. sem er 1,8%



meira en áætlað var. Tryggingagjaldsprósentan er lægri í ár en í fyrra en þrátt fyrir það hefur innheimtan aukist á milli ára. Skýringin er sú að heildarlaunastofn í janúar-júlí er um 10% hærrí í ár en í fyrra, sem er meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar.

Tekjur af eignarsköttum, að frátalinni sérstakri greiðslu frá lífeyrissjóðum, námu 5,0 ma.kr. samanbórið við áætlun upp á 6,0 ma.kr. Þar af munar mest um 0,8 ma.kr. minni innheimtu auðlegðarskatts en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði, sem er flokkað sem eignarskattur, skilaði 1,4 ma.kr. á tímabilinu. Sú greiðsla er vegna ársins 2011 og var á gjalddaga í árslok 2011 en eindaga nokkrum vikum síðar. Af þeim sökum var ekki gert ráð fyrir henni í tekjuáætlun 2012.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu alls 110,2 ma.kr. sem er 14,4% aukning á milli ára og 2,3 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Frávikið má að mestu rekja til meiri tekna af virðisaukaskatti og vörugjöldum af ökutækjum því aðrir liðir óbeinna skatta voru að jafnaði í takt við áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 13,8% umfram verðlagsbreytingar. Sá liður sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta er virðisaukaskattur og námu tekjur af honum 71,4 ma.kr. á fyrri árhelmingi sem er 1,8 ma.kr. eða 2,6% yfir tekjuáætlun. Tekjur af virðisaukaskatti eru nokkuð sveiflukenndar, m.a. vegna endurgreiðslna innskatts, og tölur fyrir einstaka mánuði vart marktækar í samanburði við áætlanir. Tímabilið allt frá upphafi árs er þó orðið ágætlega samanburðarhæft við áætlanir og fyrri ár. Skattskyld velta hefur verið að ná sér á strik eftir mikla dýfu árána 2008-2009, og jókst um 5,9% að raunvirði á fyrstu tveimur virðisaukaskattstímabilum ársins (janúar-apríl).

Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum jukust um tæp 65% á milli ára og námu 2,5 ma.kr., enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega síðastliðin misseri. Innheimta vörugjalda af ökutækjum er 0,8 ma.kr. yfir áætlun. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi jukust samanlagt um 5,6% á milli ára og námu 9,3 ma.kr. Þar af skilaði tóbaksgjald 2,9 ma.kr. sem er í takt við áætlun og áfengisgjald 6,3 ma.kr. sem er heldur yfir áætlun. Tölur yfir sölu áfengis og tóbaks benda til þess að gjaldstofn áfengisgjalds hafi aukist lítillega á milli ára á meðan gjaldstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman og er sú þróun í grófum dráttum eins og reiknað var með. Bensín- og olíugjöld skiluðu samtals 8,7 ma.kr. sem er í takt við tekjuáætlun.

Aðrar tekjur jukust um tæplega þriðjung á milli ára og námu alls 22,8 ma.kr. sem er 4,8 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til arðgreiðslu frá Landsvirkjun og Seðlabankanum sem nam 4,4 ma.kr. og 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og í febrúar sl. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að litlu leyti í tekjuáætlun tímabilsins janúar-júlí.

Greidd gjöld námu 283,6 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 2,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 0,9%. Greidd gjöld voru innan fjárheimilda tímabilsins um 6,9 ma.kr. eða 2,2%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.



Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 6,4 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,2 ma.kr. milli ára en voru 2,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 15 ma.kr. milli ára en voru hins vegar lítillega innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með því að vaxtabætur og barnabætur voru greiddar í lok júlí í fyrra en greiðast í byrjun ágúst í ár. Greiðslur vegna Lífeyristrygginga jukust svo um 2,0 ma.kr. milli ára og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 0,8 ma.kr., en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif. Á móti dragast útgjöld nokkurra bótaflokka saman milli ára, þar sem munar mest um að greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs drógust saman um 1,6 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 4,2 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við áætlanir. Útgjöld Landspítala jukust um 1,8 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 0,9 ma.kr. milli ára og útgjöld Framkvæmdasjóðs aldara um 1,1 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 1,2 ma.kr. en voru 3 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með stöðu ýmissa sjóða og safnliða sem gert er ráð fyrir að ráðstafa á seinni hluta ársins. Útgjöld Vegagerðarinnar voru 921 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2011 og voru jafnframt 639 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til menntamála voru 2 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en 1,3 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 982 m.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 317 m.kr. milli ára en voru 1 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála voru 199 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en voru 676 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,9 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við heimildir tímabilsins. Þessi aukning skýrist að mestu með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 561 m.kr. milli ára og eru jafnframt 323 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld Sérstaks saksóknara um 176 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 215 m.kr. og Héraðsdómstóla um 94 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 365 m.kr. milli ára en eru 614 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 248 m.kr. hærrí í ár en á sama tíma í fyrra en voru 186 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 74 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 83 m.kr. Úrvinnslusjóður er 133 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 60 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 194 m.kr. innan heimilda en svipuð og á síðasta ári. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 222 m.kr. og voru jafnframt 319 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 118 m.kr. og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Óregluleg útgjöld jukust um 698 m.kr. milli ára og voru jafnframt 1,6 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 610 m.kr. hærrí en á síðasta ári og jafnframt 1,2 ma.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 31 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra og var jafnframt 332 m.kr. herra en gert var ráð fyrir.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí 2010-2012**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	75.617	69.896	77.542	-7,6	10,9
þar af vaxtagreiðslur	50.433	44.098	50.527	-12,6	14,6
Varnarmál	905	714	491	-21,1	-31,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	10.272	10.576	12.466	3,0	17,9
Efnahags- og atvinnumál	33.419	29.134	30.366	-12,8	4,2
Umhverfisvernd	2.638	2.531	2.778	-4,1	9,8
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	377	252	134	-33,2	-46,7
Heilbrigðismál	64.604	64.553	68.722	-0,1	6,5
Menningar-, íþrótt- og trúmál	9.596	9.491	9.690	-1,1	2,1
Menntamál	30.973	28.750	30.747	-7,2	6,9
Almannatryggingar og velferðarmál	80.383	84.971	69.931	5,7	-17,7
Óregluleg útgjöld	9.301	6.490	7.188	-30,2	10,8
Gjöld alls	318.084	307.356	310.054	-3,4	0,9

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 61 ma.kr. á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 8,9 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 165,9 ma.kr., þar af voru 155,1 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. og greiddi enn niður lán Norðurlanda í júní fyrir um 78 ma.kr. Aðrar erlendar afborganir námu 4,8 ma.kr. Innlendar afborganir námu 10,8 ma.kr., þar af námu uppkaup ríkisbréfaflokks á gjalddaga í ágúst nk. 7,5 ma.kr.

Lántökur námu 185,8 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 69,1 ma.kr. út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 56,2 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 24,8 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 31,3 ma.kr. Einnig voru gefin úr ríkisbréf vegna SpKef fyrir 19,2 ma.kr. í sérstökum flokki ríkisbréfa sem gefinn var út til fjármögnunar eiginfjárframlagi ríkissjóðs til fjármálastofnana. Önnur útgáfa ríkissjóðs á tímabilinu nam 4,6 ma.kr. Stofn ríkisvíxla lækkaði á móti um 10,8 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 7,9 ma.kr.